

23 12. febr. Þýðingar af tveimur náttúrufræðisritum, sem sje efnafræði eptir prófessor Roscoe og fýsiska landafræði eptir prófessor Geikie, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þókn-anlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að jeg af fje því, er getur um í 15. gr. fjárlaganna fyrir yfirstandandi ár, hefi veitt deild hins íslenzka bókmenntafjelags þeirri, er hjer er í bœnum, hinn umbeidda styrk 300. kr. fyrir hvort hinna ofan nefndu 2 rita með skilyrðum þeim, er getið er um í bónarbrjefinu, sem sje að rit þessi verði gefin út á prent á yfirstandandi ári, að þau verði útbúin með myndum á sama hátt og frumritin, að prentað verði töluvert upplag af þeim, og að verð þeirra fari eigi fram úr 12 aorum fyrir hverja örk.

24 12. febr. — *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um styrk til þess að prenta ágríp af heilbrigðisfræðinni.* — Eptir að hafa meðtekið álit stiptysfirvald-anna um bónarbrjef, er hingað hafði borizt frá Jónasi hjeraðslækni Jónassen, um allt að 200kr. styrk úr landssjóði, til að gefa út ágríp handa alþýðu af heilbrigðisfræðinni og bygg-ingarfræði mannlegs líkama með hliðsjón af riti, er nýlega hefir komið út í Kaupmannahöfn um þetta efni, og ætlar hann að láta prenta 1000 expl. af bókinni með nokkrum mynd-um, og að ákveða söluverðið svo lágt, sem mögulegt er — hefi jeg af fje því, er ákveðið er fyrir yfirstandi ár, í 15. gr. fjárlaganna, veitt 20 kr. styrk fyrir hverja örk af ofan-nefndu riti, allt að 200 kr. með umgetnum skilyrðum, er tekin eru fram í bónarbrjefinu. Þetta er hjer með tjáð stiptysfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt-ingar fyrir hlutaðeiganda.

25 12. febr. — *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um styrk til safns af dýrum og dýramyndum.* — Eptir að hafa meðtekið ummæli stiptysfirvaldanna um bónar-brjef, er mjer hafði sent verið, og þar sem adjúntk Benedikt Gröndal fer fram á að fá styrk til að halda áfram með dýrasafn það og dýramyndir af hinu íslenzka dýraríki, er hann í nokkur ár að undanförnur hefir fengist við, og sem ákveðið er að taka á sínum tíma inn í náttúrusögusafn hins lærða skóla¹, hefi jeg af fje því, er tiltekið er með 15. gr. fjárlaganna á yfirstandandi ári, veitt 300 kr. í nefndu tilliti, þannig að 200 kr. mun verða ávísað adjúntk B. Gröndal í næstkomandi marzmánuði og 100 kr. um veturnætur, þegar hann færir sönnur á, að ofan nefndu verki hafi skilað verulega áfram.

Þetta er hjer með tjáð stiptysfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt-ingar fyrir hlutaðeiganda.

26 15. febr. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk til jarðabóta og eflingar sjáfarútvegi.* — Hinn 9. f. m. sendi jeg yður, herra amtmaður, til þess að amtsráðinu gæfist tækifæri á að láta í ljósi álit sitt um það, brjef það frá 7. f. m., er hjer með endursendist, og þar sem búnaðarfelag suðuramtsins beiðist styrks af hluta suðurumdæmisins, af fje því, er með 10. gr. C. 5. fjárlaganna um árin 1878 og 1879 er veitt til jarðræktar og til eflingar á sjáfarútvegi; og hafið þjer nú í þóknanlegu brjefi 24. s. m., um leið og þjer skýrið frá, að málefni þetta muni verða lagt fyrir amtsráðið á væntanlegum fundi þess í næstkomandi júní-

1) Sbr. brjef landshöfðingja 8. marz 1875 (stjórntíð. B. 11).

mánuði, lagt það til, að af þeim hluta af nefndu fje, sem ber suðurumdæminu fyrir árið 1878 megi þegar nú samkvæmt beiðni búnaðarfelagsins verða veitt því 900 kr. upphæð til fyrirtækja þeirra, sem tiltekin eru í bónarbrjefinu. **26** 15. febr.

Út af þessu vil jeg hjer með tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar það, er nú segir:

Fjárlögin gjöra, að minni hyggju, ráð fyrir, að af fje því, er veitt er með 10. gr. C. 5. til jarðræktar og til eflingar sjáfarútvegi, verði um hvert fjárhagsár ákveðnum styrk varið til eflingar hinum nefndu atvinnuvegum í hverju einstöku amti samkvæmt uppástungum amtsvalda þeirra, er getur um í dómsmálastjórnarbrjefi 26. febr. 1870, og með samþykki landshöfðingja, og það atriði, að búnaðarfelag suðuramtsins hefir vanrækt að koma í tæka tíð með tillögur um, hvernig verja ætti öllum hluta þeim, er bar suðurumdæminu af hinni veittu upphæð, getur varla svipt amtið styrk þeim, sem fjárlögin hafa ákveðið fyrir viðkomandi ár til eflingar áminnztum atvinnuvegum í amtinu. Jeg hefi því samkvæmt orðum og tilgangi hinnar nefndu fjárveitingar álitíð, að mjer bæri að ávísar amtsráði suðuramtsins úr jarðabókarsjóði — en úr honum er hinum fjárlagalegu útborgunum fyrir árið 1878 enn ekki lokið — því fje af 10. gr. C. 5 fjárlaganna, er enn þá ekki hefir verið greitt úr landssjóði, að upphæð alls 966 kr. 66 a., og að fela hinu heiðraða amtsráði að ráðstafa fje þessu samkvæmt veitingunni til jarðræktar, og til eflingar sjáfarútvegi.

Ávísun þessi fylgir, og býst jeg við, að mjer verði send á sínum tíma þóknanleg skýrsla um, hvernig fjenu hafi verið varið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk til þess að læra vegagjörðir erlendis.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi frá 11. p. m. hefi jeg af fje því, sem ætlað er til verklegra fyrirtækja á þessu ári veitt Birni trjesmið Þorlákssyni í Stafholti 200 kr. styrk til þess að ferðast til Noregs, og kynna sjer aðferð þá, sem þar tíðkast við vegagjörðir til sveita, brúagjörðir yfir minni ár, o. fl. **27** 15. febr.

Af hinum veitta styrk munu 100 kr. verða útborgaðar honum, þegar hann í vor leggur af stað hjeðan. Hinar 100 kr. mun hann fá greiddar, þegar hann kemur heim aptur að hausti, og sannar, að hann hafi varið dvöl sinni í Noregi á áminnztan hátt.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um atkvæðisrjett hans í bæjarstjórninni.* — Í þóknanlegu brjefi frá 10. p. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti skýrt mjer frá, að hin hjerverandi bæjarstjórn hafi á fundi 6. p. m. samþykkt með 6 atkvæðum gegn 3 eptirfylgjandi ályktun: **28** 15. febr.

«Bæjarstjórnin lýsir yfir því, að hún eigi viðurkennir, að formanni hennar beri annar atkvæðisrjettur á fundum bæjarstjórnarinnar, en heimilaður er í 12. gr. tilsk. 20. apríl 1872, þegar svo stendur á, sem þar er ráð fyrir gjört», og að þjer, þar sem þjer ætlið, að bæjarstjórnin með þessari ákvörðun hafi gengið út fyrir vald það, er hún hefir eptir lögunum, hafið samkvæmt tilsk. um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík frá 20. apríl 1872, 12. gr. með því að rita atkvæði yðar í gjörðabókina felt þessa ályktun úr gildi að sinni og skotið til úrlausnar landshöfðingjans þeirri spurningu, hvort bæjarfógetanum beri atkvæðisrjettur á fundum bæjarstjórnarinnar eptir tilsk. 20. apríl 1872.